

Alþingi

Nefnda-og greiningarsvið

150 Reykjavík

Mál nr. 349

Þingskjal 360

154. löggjafarþing

Dags 23.11.2023

Umsögn um frumvarp vegna breytinga á vopnalögum, nr. 16/1998.

Bogveiðifélag Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarp til endurskoðunar á vopnalögum.

Bogveiðifélag Íslands gerir alvarlegar athugasemdir að hagsmunaaðilar hafi ekki verið hafðir með í samráði við vinnu á þessu frumvarpi þrátt fyrir mörg boð og ítrekuð samskipti við ráðuneytið þess efnis og að ráðuneytið sjálft hafi óskað eftir tillögum frá Skotvís og Bogveiðifélag Íslands.

Ljóst er að frumvarp þetta sem nú er til umsagnar er mun strangara og flóknara en lög t.d. norðurlandanna sem nú þegar hafa uppfært lög við innleiðingu ESB löggjafar frá 2021.

Bogveiðifélag Íslands gerir athugasemdir við uppsetningu á frumvarpi að það sé ekki sett upp miðað við greinar núverandi laga heldur er frumvarpinu stillt upp sem greinum með tilvísun í greinar í vopnalögum. Það skapar rugling við yfirferð á frumvarpi.

Í frumvarpi þessu er í ítrekað talað um nánar **tilgreint í reglugerð**. Ein aðal ástæða ýmissa vandamála í dag í sambandi við vopnalögin má einmitt að rekja til reglugerða, síbreytilegra vinnureglna og ákvarðanna embættismanna. **Ekki er ljóst að frumvarpið minnki það flækjustig.**

Bogveiðifélag Íslands gerir miklar athugasemdir við að 30 gr vopnalaga F. Liður og 31 gr séu ekki tekin einnig til skoðunar þar sem einmitt er verið að tala um í frumvarpi sé verið að samræma við regluverk ESB. En bogi, Ör, allir örvaroddar og annar búnaður tengdur bogum er ekki leyfis eða skráningaskyldur og ef við lítum á norðulöndin þá er bogi og allt sem þeim fylgir ekki leyfis eða skráningarskylt.

31gr laga hamla afrekstarfi ungmenna í bogfimi á Íslandi þar sem að jafnaðrar í Evrópulöndum eru ekki með neinar dragþyngdar takmarkanir á bogum sínum háð aldri.

Þingmannafrumvarp þvert á flokka hefur legið inni um breytingu á 31 grein laganna 386. mál, lagafrumvarp 151. löggjafarþing 2020–2021. en ekki enn fengið brautar gengi alsherjarnefndar því væri tilvalið að taka það með þessu.

Það sem við leggjum til er að 30 gr F liður og 31 grein laganna breytist þar til heildarendurskoðun getur farið fram. Þannig að röðun nr í lögum riðlast ekki.

30 gr f. lásboga, langboga, slöngubyssu eða önnur slík vopn, svo og örvarodda. Þetta tekur þó ekki til boga sem ætlaðir eru til æfinga eða keppni í bogfimi.

Breytist í 30gr f. lásboga, slöngubyssu eða önnur slík vopn

31 gr Barni yngra en 16 ára má ekki selja eða afhenda örvaboga með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvassar örvar.

Breytist í 31. Öllum sé heimil notkun á Trissubogum, Sveigbogum og langbogum áháð aldri og dragþyngd boga. 18 ára og eldri er heimilt að kaupa án leyfis og skráningarskyldu tilgreinda boga ásamt öllum aukahlutum er tengjast þeim svo sem öllum gerðum af örvum og örvaoddum óháð notkun.

Með að setja 18 ára aldurtakmark á kaup þá erum við aðeins strangari.

Bogveiðifélag Íslands er hagsmunaðili bogaeigenda á Íslandi og hefur verið það frá stofnun þess og hefur ráðuneytið í gegnum samskipti viðurkennt það. Bogveiðifélag Íslands hefur því ítrekað í gegnum árin frá stofnun þess 2011 óskað eftir að 30. Gr F liður vopnalaga verði tekin til skoðunar en án árangurs. Þrátt fyrir að vilji var til þess í frumvarpi vopnalaga sem var lagt fram á vorþingi 2013 þá var lagt til að bogar og allt sem þeim tilheyrir yrðu teknir úr vopnalögum og leyfðir til jafns við norðurlöndin sem og ýmsir starfsmenns ráðuneytis viljugir til að breyta en vegna tíðra starfsmanna breytinga er koma að þessum málaflokki hefur reynst erfitt að halda þessu á lofti og koma því áfram.

Bendum einnig á að 14 reglugerðar um bogaeigna er ólögleg þar sem skilgreint er að aðili verði að vera aðili að íþróttafélagi innan ÍsÍ og gerði umboðsmaður alþingis athugasemd við ráðuneytið vegna þess haustið 2012 af því að 2006-2007 kom úrskurður frá umboðsmanni að óheimilt væri að skylda aðila til að vera aðili að ÍsÍ en þar sem átti að leggja fram breytingar um bogaeign í frumvarpi um vopnalög 2013 þá var ekkert frekar gert í málinu en vegna alþingiskostninga þá fékk frumvarpið ekki brautargöngu og hefur því ekkert skeð í 10 ár og er þessi reglugerð því enn ólögleg en sammælt var um breytta vinnureglu vegna þessa sem og 31gr vopnalaga um takmörkun á dragþyngd ungmenna þar til breyting næðist í gegn.

Að öðrum greinum í frumvarpinu sjálfu sem er lagt fram þá styðjum við og tökum undir athugasemdir Skotvís.

Bogveiðifélag Íslands hvetur Alsherjar og menntamálanefnd að taka 30 gr F lið og 31 grein laganna með í þessari endurskoðun. Þrátt fyrir fyrirheit um heildarendurskoðun laga sem ráðherra minntist á við í framsögu frumvarps þá er ekkert vitað hvenær heildarendurskoðun fer fram og hvað það muni taka langann tíma. Og miðað við allt þá gæti það tekið 2-4 ár.

Óskum við eftir að koma fram fyrir nefnd til að fara betur yfir þessi mál sé þess kostur.

Virðingafyllst stjórn

Bogveiðifélag Íslands

